

50. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 15. janúar 2019, kl. 13:00 í húsnæði skólans í Ólafsfirði.

**Mættir:** Edward Huijbens, Rósa Jónsdóttir, Dóróþea Reimarsdóttir, Ásgeir Logi Ásgeirsson, Guðrún Unnsteinsdóttir (í forföllum Katrínar Freysdóttur), Ingibjörg Einarsdóttir fulltrúi nemenda, Unnur Hafstað Ármannsdóttir fulltrúi kennara, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari.

## Dagskrá

### 1. Stefnumótun varðandi menningarlíf

Skólameistari kynnti menningarstefnu skólans sem finna má á heimasíðu hans. Einnig fór hún yfir hvernig stefnan hefur komið fram í skólastarfinu. Formaður skólanefndar nefndi að stefnan birtist augljóslega í skólastarfinu og nefndi að e.t.v. mætti fara í samstarf við sveitarfélögin um að verk nemenda sæjust í og á byggingum þeirra.

### 2. Námsframboð skóla og nýir áfangar

Námsframboð vorannar 2019 lagt fram. Umræður um þá áfanga sem eru í boði og farið sérstaklega yfir nýja áfanga sem eru fjórir á þessari önn.

### 3. Niðurstaða haustannar

Aðstoðarskólameistari gerði grein fyrir niðurstöðu haustannar. Þann 21. desember útskrifaðist 21 nemandi, 13 af félags- og hugvísindabraut, 1 af íþróttabraut, 2 af náttúruvísindabraut, 1 af listabraut, 2 af kjörnámsbraut og 2 luku stúdentsprófi að loknu starfsnámi. Alls hafa þá 244 verið útskrifaðir frá skólanum frá upphafi. Á haustönn skilaði skólinn 165 ársnemendum sem er svipað og á síðustu vorönn (161). Starfsbraut skilaði um 8 ársnemum. Meðaleinkunn allra námsgreina með tölueinkunn er 6,9 sem er heldur hærrí en á vorönn. Fall í áföngum var að meðaltali 19% en brottfall er svipað og síðustu annir eða 4% og hópanýting 83%.

### 4. Innritun og upphaf annar

Nú í upphafi vorannar eru skráðir 375 nemendur í skólann og voru alls samþykktar 172 nýjar umsóknir. Er það mesti fjöldi frá upphafi. Fjarnemar eru 289 og eykst aðsókn í fjarnám enn.

Skólameistari upplýsti að í ljósi nemendafjölda hefði kennslumagn verið aukið um tvo áfanga.

## 5. Önnur mál

### 5.1 Ferðir nemenda

Dóróþea ræddi um ferðir nemenda á milli byggðarlaga vegna félagsstarfs eftir skólatíma og möguleikana á að fá styrk frá Dalvíkurbyggð til ferða fyrir nemendur þaðan. Nemendafélag gæti látið á þetta reyna og sótt um styrk til byggðaráðs Dalvíkurbyggðar. – Einnig óskaði hún eftir upplýsingum um samning vegna skólaaksturs með nemendur úr Dalvíkurbyggð þar sem þeir hafa ekki setið við sama borð. Nemendur sem búa annars staðar en á Dalvík hafa ekki fengið akstur til síns heima, t.d. í litlu byggðakjarnana og að afleggjara sveitabæja.

## 5.2 Fjármál

Fjármálastjóri mætti og gerði grein fyrir stöðu fjármála. M.a. sagði hún frá því að ný framkvæmd í reikningshaldi ríkisins hefði ekki gengið sem skyldi og ákveðnir hnökrar verið á innleiðingu þess.

## 5.3 Skjalavarsla

Aðstoðarskólameistari gerði grein fyrir stöðunni í skjalavörslumálum. Skólinn hefur tekið í notkun rafræna skjalavörslukerfið GoPro og er skráning í það hafin.

## 5.4 Breytingar á högum formanns skólanefndar

Edward gerði grein fyrir breytingu á sínum högum. Hann hefur fengið stöðu prófessors í háskóla í Wageningen í Hollandi og mun halda þangað í næsta mánuði. Hann mun þó halda áfram setu í skólanefnd og hyggst sækja fundi í fjærveru.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:00.